

Dagsskrá

5
22an
júní.

fyrir fangana í hegningarhúsinu í Reykjavík.

Kl. 4³/₄ á morgnana frá 1. maí til 1. októbr., og kl. 5³/₄ allan annan tíma ársins skal gjöra bendingu til fótaferðar.

Skal þá sér hver fangi rísa úr rekkju, klæðast og þar næst þvo sér og kempa tilhlýðilega. Sængrofötin skulu vasn saman innan í rekkjunni, sem þá reirist saman og legst á sinn stað í kompunni, má og hana eigi þaðan hreifa fyrir háttatíma. Fanginn hreinsar og sópar kompu sína, safnar sorpinu í stokk, sem til þess er ætlaðr, færir alt í lag í kompunni og lífr eptir fötum sínum, sem hann dustar og hreinsar tilhlýðilega. Þessu skal hann lokið hafa, þegar önnur bendingin verður gjörð hálfri stundu eptir hina fyrstu, en þar næst byrjar vinnutíminn bæði á samvinnustofunni og í kompunum.

Morgunverð skal skamta kl. 7³/₄, og er þá hvíldartími til kl. 8¹/₄, þá er vinnu haldið á fram til kl. 12.

Miðdegisverð skal skamta kl. 12, og er þá hvíldartími til kl. 1. Kl. 1 skal aþr taka til vinnu og vera að til kl. 8, að undantekinni ½ stundu, sem veitist fongunum til hvíldar frá kl. 5 til kl. 5¹/₂, og til að neyta leyfanna af miðdegisverðinum og af brauðskamti þeim, sem fongum er ætlaðr, og flóaðrar mjólk, sem þeir fá sér skamtaða kl. 5.

Annaðhvort fyrir eða eptir hádegi veitist enn fremr hverjum fanga ½ stundar vinnu lausn til að hreifa sig í garðinum, og eru fangar skyldir til að taka þátt í þessu, nema þeir séu því berlega undanþegnir.

Kl. 8 á kveldin verður bending gjörð til að hætta vinnu, og hafa fangar þá hvíldartíma til kl. 8¹/₂.

Aðr en vinna byrjar, og að henni endaðri á hverjum degi, skal á samvinnustofunni lesa stufta bæn, og skal annaðhvort umsjónarmaðr, eða einhver af fongunum, sem prestr-álítr til þess fallinn, gjöra það.

Kl. 8¹/₂ verður bending gjörð til þess, að fangar búi rekkjur sínar, afklæði sig og leggist til svefns.

Á laugardögum frá kl. 5 eptirmiðdag skulu fangar ekki vinna, heldr taka við hreinum nærfötum fyrir næstu viku, klæðast þeim og skila umsjónarmanni hinum óhreinu. Þessa tómstund notar fangi líka til að þvo kompuna og faga og hreinsa áhöld og verkfæri þau, sem honum er trúað fyrir.

Á sunnu- og helgidögum, þegar engin skylduvinna á sér stað, gildir dagskrá þessi samt sem áðr, að undanteknu því, sem ákveðið er um vinnutímann, sem fangi nú getr varið til að lesa, eða, að fengnu leyfi, til annara nytsamra starfa.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 22. júní 1874.

Hilmar Finsen.

Jón Jónsson.

Reglur

fyrir fanga, sem settir eru til gæzlu í fangelsi það, sem sameinað er hegningarhúsinu í Rvík.

1. gr.

Sérhvern fanga skal nákvæmlega rannsaka jafnskjótt og hann kemr í fangelsið, og skal frá honum taka alla þá peninga, sem hann hefir á sér, sem og sérhvað það, er í höndum hans gæti orðið honum sjálfum eða öðrum að tjóni; sömuleiðis alt það, sem annaðhvort þykir geta skýrt málið, eða fangi ekki virðist mega hafa með sér, samkvæmt þeirri reglu, sem í fangelsinu gildir.

Hinn 17. október 1874.

6
24ða
júní.